

Ed.

274. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 13. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Tekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum skal verja þannig:

Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingar-

sjóðanna að tiltölu við rikissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. lögum nr. 35 1928.

Þó skal ríkisstjórninni heimilt, í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands, að verja óskiptum tekjum af tóbakseinkasölnunni til 30. júní 1933 til atvinnubóta.